



## Framkvæmdir við grunn meðferðarkjarna og stefnt að lokun Gömlu Hringbrautar 8. febrúar, framkvæmdir við Vatnsmýrarveg og áframhaldandi lagnavinna við Barnaspítala og gamla spítala. Yfirlit yfir gönguleiðir umhverfis framkvæmdasvæðið.

### Fréttir af verkefninu og staða framkvæmda

#### 1. Framkvæmdir við grunn meðferðarkjarna (sjá nr. 1 á korti)



- Verið að grafa fyrir meðferðarkjarnanum. Verktakinn er kominn með allt svæðið fyrir neðan Gömlu Hringbraut og vinnur að gatnagerð og lagnavinnu.
- Stefnt er að lokun Gömlu Hringbrautar 8. febrúar og þá hefjast framkvæmdir við jarðvinnu þar sem Gamla Hringbraut er í dag.
- Lokunin mun ná á milli Laufásvegar og innkeyrslu inn á bílastæði LSH, sem þýðir að áfram verður hægt að aka Gömlu Hringbraut frá Snorrabraut og inn á bílastæði LSH.
- Lokunin hefur í för með sér breytingar á leiðakerfi Strætó bs. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðinu [www.straeto.is](http://www.straeto.is).
- Undirbúningur í gerð svæðis þar sem aðstaða verður fyrir verktaka.

## 2. Framkvæmdir við Vatnsmýrarveg (sjá nr. 2 á korti)

- Verið að vinna að bráðabirgða leið fyrir strætó upp á Gömlu Hringbraut frá Vatnsmýrarvegi.
- Unnið er að frágangi á gatnamótum Laufásvegar og Gömlu Hringbrautar.
- Verið að leggja hitaveitu og kaldavatn frá Vatnsmýrarvegi uppeftir í gegnum Gömlu Hringbrautina.

## 3. Framkvæmdir við Barnaspítalann (sjá nr. 3 á korti)



- Unnið er að lagnavinnu og verið að fylla í og vinna við uppsteypun á tengigangi.
- Inngangur í Barnaspítala er í gegnum Kvennadeild. Þar er opið kl. 07-22, alla virka daga, og kl. 10-22 um helgar. Utan þess tíma er inngangur á Barnaspítala frá Eiríksgötu. Allar bráðakomur á Barnaspítala eiga eftir sem áður að koma inn um suðurgaflinn á Kvennadeild, allan sólarhringinn.  
Þessi nýi inngangur verður í notkun fram í febrúar 2019 þegar gamli aðalinngangurinn opnar aftur.


## 4. Framkvæmdir við gamla spítalann (sjá nr. 4 á korti)



- Unnið er að lagnavinnu og verið að fylla í ofan á lagnir.

## 5. Unnið að gerð gönguleiða í febrúar

- Rauðmerktu línurnar á kortinu sýna gönguleiðir umhverfis framkvæmdasvæðið eins og þær verða í febrúar. Punktalínurnar sýna gönguleiðir yfir götur.



### Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjöldum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:  
Ásbjörn Jónsson verkefnastjóri NLSH, 841 7050 eða netfangið [asbjorn@nlsh.is](mailto:asbjorn@nlsh.is)  
Ólafur Birgisson verkefnastjóri FSR, 896 7330 eða netfangið [olafur.b@fsr.is](mailto:olafur.b@fsr.is)  
Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða [magnus@nlsh.is](mailto:magnus@nlsh.is).

Sértaðar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Stefán Hrafn Hagalín 897 3644 [stefanhh@landspitali.is](mailto:stefanhh@landspitali.is) og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 [bgisla@hi.is](mailto:bgisla@hi.is)